

Mánudaginn 29. febrúar 1988.

Nr. 24/1987. **Stefán Árnason**

(Jón G. Briem hdl.)

gegn

Ingibjörgu Ragnheiði Grétarsdóttur

og gagnsök

(Hafsteinn Hafsteinsson hrl.)

Skaðabótamál. Líkamstjón. Örorkumat.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi, útgefnu 6. s.m. Dómkröfur hans eru þessar:

Aðallega að málinu verði vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju. Til vara að aðaláfrýjandi verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda. Jafnframt er þess krafist að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Til þrautavara er þess krafist að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda mun lægri fjárhæð en í héraðsdómi greinir. Krafist er málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti. Til þrautaprautavara krefst hann staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Dómkröfur gagnáfrýjanda eru svohljóðandi:

„**AÐALSÖK.**

Í aðalsök eru gerðar þær dómkröfur að kröfum aðaláfrýjanda verði hrundið og aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum að mati Hæstaréttar. Jafnframt er vísað til þrautavarakröfu í gagnsök.

GAGNSÖK.

AÐALKRAFA.

ÖRORKUBÆTUR:

Samkvæmt örorkutjóns-
útreikningum Jóns E. Þor-
lákssonar, tryggingastærð-
fræðings, dags. 15.02.1988,
miðað við slysdag
vegna framreiknings ör-
orkutjóns frá slysdegi til
20.3.1980
MISKABÆTUR.

kr. 1.093.600.00

kr. 1.062.400.00

kr. 2.156.000

400.000

SAMTALS

kr. 2.556.000

VAXTAKRAFA:

Krafist er vaxta af kr. 1.493.600.00, það er af kr. 1.093.600.00, sem er örorkutjón miðað við slysdag, og miskabótum kr. 400.000.00, með 31% ársvöxtum frá 20.03.1980 til 01.07. s.á., 35% ársvöxtum frá þeim degi til 01.06.1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 01.11.1982, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 20.10.1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 20.11. s.á., 27% ársvöxtum til 20.12. s.á., 21.5% ársvöxtum frá þeim degi til 20.01.1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 10.03.1984, með dómvöxtum frá þeim degi til 14.04.1987, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og að vextir áfallnir eftir 14.04.1987 bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti í fyrsta sinn 14.04.1988.

MÁLSKOSTNAÐUR:

Krafist er málskostnaðar fyrir báðum réttum samkvæmt mati Hæstaréttar, en hjálagt er yfirlit yfir útlagðan kostnað.

VARAKRAFA.

ÖRORKUBÆTUR:

Samkvæmt örorkutjónsútreikningum Jóns
E. Þorlákssonar, tryggingastærðfræðings,
dags. 15.02.1988, miðað við slysdag

kr. 1.093.600.00

MISKABÆTUR

kr. 400.000.00SAMTALSKR. 1.493.600.00

VAXTAKRAFA.

Sama vaxtakrafa og í aðalkröfu.

MÁLSKOSTNAÐUR.

Sama krafa og í aðalkröfu.

P R A U T A V A R A K R A F A.

Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að öðru leyti en því að vaxtakrafa er sú sama og í aðalkröfu, og aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum að mati Hæstaréttar.

GJAFVÖRN.

Dómsmálaráðherra veitti gagnáfrýjanda gjafvörn í aðalsök og gjafsök in gagnsök fyrir Hæstarétti, en þær kröfur eru gerðar að málskostnaður verði tildæmdur gjafvarnarhafa, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.“

I.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, m.a. ljósmyndir af gagnáfrýjanda, er sýna ör á fótleggjum hennar af völdum brunans og eftir húðflutninga á brunasárin.

Þá hefur verið lagður fram nýr útreikningur á örorkutjóni gagnáfrýjanda, dagsettur 15. febrúar 1988, gerður af Jóni Erlingi Þorlákssyni tryggingastærðfræðingi. Í útreikningi þessum reiknar tryggingastærðfræðingurinn út höfuðstólsverðmæti örorkutjónsins, annars vegar miðað við slysdag 20. mars 1974, og hins vegar miðað við 20. mars 1980.

Þar sem um stúlkubarn er að ræða var eigi unnt að byggja áætlun um framtíðartekjur á tekjum næstu árin fyrir slysið. Þegar þannig stendur á, miðar tryggingastærðfræðingurinn áætlun sína um framtíðartekjur við 70% af meðaltekjum iðnaðarmanna, er samkvæmt skýrslum Kjararannsóknarnefndar nema 956.500,00 krónum, sem gerir 669.600,00 krónur á ári. Á þessum forsendum gerir tryggingastærðfræðingurinn eftirfarandi áætlun:

	„Áætlaðar tekjur	Tekjutap
1978	3.400	1.200
1979	6.400	2.200
1980	29.100	10.100
1981	69.000	24.200

	„Áætlaðar tekjur	Tekjutap
1982	107.000	37.500
1983	164.400	57.500
1984	203.000	71.100
1985	277.600	97.200
1986	441.400	154.500
1987	615.000	215.200
Síðan árlega	669.600	234.400

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi
kr. 1.093.600.-

Höfuðstólsverðmæti tjónsins, þegar það er reiknað miðað við 20.
mars 1980, telst mér nema
kr. 2.156.000.-“

Við útreikning höfuðstólsverðmætis hefur tryggingastærðfræðingurinn notað einfalda vexti af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands frá slysdegi fram að útreikningsdegi, 15. febrúar 1988, en 6% vexti og vaxtavexti eftir það.

II.

Aðaláfrýjandi styður heimvísunarkröfu sína þeim rökum, að héraðsdómari hafi ekki á lögmætan hátt tekið afstöðu til þeirrar málsástæðu hans, að kælingu á brunasárum gagnáfrýjanda hafi verið hætt of snemma. Telur aðaláfrýjandi að héraðsdómari hefði átt að kveðja lækni þann, er haft var samband við eftir slysið, fyrir dóm og óska eftir mati sérfróðra manna um það, hvort áframhaldandi kæling hefði komið í veg fyrir örorkuna.

Hér er um sönnunaratriði að tefla, sem aðaláfrýjanda bar að sanna, vildi hann byggja varnir sínar á þessum atriðum. Málinu verður því ekki heimvisað af þessum ástæðum. Þá byggir aðaláfrýjandi kröfu sína um heimvísun á því, að héraðsdómari hafi ekki kallað sérfróða meðdómendur til dómstarfa, né leitað umsagnar lækna ráðs.

Samkvæmt 1. tl. 37. gr. A laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 metur héraðsdómari það, hvenær þörf er sérkunnáttu í dómi. Ekki verður séð, að honum hafi orðið á í því mati. Í réttarhaldi hinn 29. apríl 1986 lýsti lögmaður stefnda í héraði yfir því,

að hann gerði ekki kröfu til þess, að málið færi til umsagnar lækna-ráðs.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið verður málinu heldur ekki heimvísað af þessum ástæðum.

Þá heldur aðaláfrýjandi því að lokum fram, að héraðsdómari hafi látið undir höfuð leggjast að afgreiða þá málsástæðu hans, að með því að hætta kælingu svo fljótt sem raun varð á, hafi það jafngilt nýjum tjónsatburði.

Í héraðsdómi segir svo um þetta:

„Um þá málsástæðu stefnda, að röng aðferð við kælingu og umönnun stefnanda eftir slysið sé eigin sök stefnanda er það að segja, að stefnandi átti ekkert val né heldur hafði hún vald á því hvaða meðferð hún sætti og enda þótt eitthvað kynni að hafa farið úrskaiðis í þessum efnum verður það ekki metið henni til sakar, og er þessari málsástæðu stefnda því hafnað.“ Verður að telja þetta fullnægjandi afgreiðslu héraðsdómara á téðri málsástæðu aðaláfrýj-anda, og því séu eigi efni til heimvísunar að heldur.

III.

Fallast ber á röksemdir héraðsdómara fyrir óskoraðri bótaskyldu aðaláfrýjanda á tjóni gagnáfrýjanda vegna slyss þess, er hún varð fyrir 20. mars 1974. Þá ber og að fallast á það, að vextir frá fyrri tíma en 10. mars 1980 séu fyrndir. Verður því við ákvörðun bóta til gagnáfrýjanda að hafa hliðsjón af útreikningi tryggingastærð-fræðingsins er miðar við slysdag, sem gerir 1.093.600.00 krónur.

Í örorkumati Jónasar Hallgrímssonar læknis frá 26. apríl 1984 segir í niðurstöðu m.a. svo: „Vegna hinnar miklu örmyndunar eru útlitslýti hér reiknuð inn í örorkuna, en miski og þjáningar ekki.“

Þegar þetta er haft í huga þykir rétt að dæma gagnáfrýjanda bætur fyrir fjártjón og miska í einu lagi. Bætur þessar þykja hæfi-lega ákveðnar 900.000,00 krónur, og hefur þá verið tekið tillit til venjubundinnar lækkunar vegna skattfrelsis bótanna og hagræðis af eingreiðslu þeirra.

Aðaláfrýjandi er dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda ofan-greinda fjárhæð ásamt vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samtals 337.400,00 krónur, er renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Allur gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningsþóknun skipaðs talsmanns hennar, Hafsteins Hafsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 160.000,00 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Krafa lögmanns gagnáfrýjanda um dráttarvexti á málskostnað hefur ekki lagastoð og er því eigi tekin til greina.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Stefán Árnason, greiði gagnáfrýjanda, Ingibjörgu Ragnheiði Grétarsdóttur, 900.000,00 krónur með 31% ársvöxtum frá 20. mars 1980 til 1. júlí s.á., 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 20. október 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 20. nóvember s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 20. desember s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 10. mars 1984, með dómvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt 10. gr., sbr. 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Vextir áfallnir eftir 14. apríl 1987 bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti í fyrsta sinn 14. apríl 1988.

Aðaláfrýjandi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samtals 337.400,00 krónur, er renni í ríkissjóð.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað.

Allur gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun skipaðs verjanda hennar, Hafsteins Hafsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 160.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 23. júní 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með stefnu birtri 10. mars 1984.

Stefnandi er Ingibjörg Ragnheiður Grétarsdóttir, Syðri-Reykjum III, Biskupstungum (nnr. 4605-3990).

Stefndi er Stefán Árnason, Syðri-Reykjum II, Biskupstungum (nnr. 8331-5237).

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða henni kr. 1.500.000,00 ásamt 31% ársvöxtum frá 20.03.1980 til 01.07.1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 01.06.1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 01.11.1982, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 20.10.1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 20.11.1983, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 20.12.1983, 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 20.01.1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en frá þeim degi er krafist hæstu innlánsvaxta eins og þeir verða á hverjum tíma til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Af hálfu stefnda eru þær kröfur gerðar aðallega að hann verði sýknaður af stefnukröfum og að stefnandi verði dæmd til að greiða honum málskostnað að skaðlausu skv. mati dómsins. Til vara er þess krafist að stefnukröfur verði lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður.

Pann 25. apríl sl. var stefnanda veitt gjafsókn í málinu og Hafsteinn Hafsteinsson hrl. skipaður til að flytja málið fyrir gjafsóknarhafa.

Sáttaumleitanir reyndust þýðingarlausar.

Málavextir eru þeir að þ. 20. mars 1974 var stefnandi að leika sér ásamt vinkonu sinni utan við íbúðarhús stefnda. Skammt frá því var gamalt gróðurhús sem notað var sem geymsla. Í suðurenda þess var þró þar sem heitt vatn frá gróðurhúsi fyrir sunnan safnaðist saman. Þró þessi var byrgð að mestu en þó var gat á henni ofanverðri.

Stefnandi kveðst hafa hoppað yfir steinvegg og inn í gróðurhúsið og hlaupið yfir það. Við það steig hún með vinstra fæti niður um gatið á þrónni og brenndist á fæti. Hoppaði hún síðan á öðrum fæti frá slysstað og til heimilis stefnda, þar sem kona hans tók á móti henni og kallaði á mann sinn sem kom og kveður stefnandi hann hafa tekið sig og borið inn í hús stefnda niður í kjallara og þaðan heim til stefnanda sem býr um 80 metra norðan við stefnda.

Stefndi hefur mótmælt þessu og segist hafa farið með stefnanda beint heim til hennar. Á þessum tíma hafi hann ekki haft neitt kalt vatn, einungis heitt, sem síðan var kælt í flöskum og því ekki nægjanlegt kalt vatn til að kæla sár stefnanda.

Er heim til stefnanda var komið fór stefndi með hana inn í lítið salernis-herbergi með sturtu og sprautaði þar köldu vatni á fót stefnanda sem

hafður var niðri í fötu. Síðan tók móðir stefnanda hana og fór með hana inn í baðherbergi þar sem kælingu var haldið áfram í baðkeri og aðstoðaði vitnið Brynja Ragnarsdóttir við það.

Haft var samband við lækni í Laugarási og kvað vitnið Lára Jakobsdóttir, móðir stefnanda, hann hafa sagt að hann kæmist ekki til hennar og að kælingu skyldi haldið áfram. Þá kveðst vitnið hafa haft samband við lækinn á nýjan leik og sagði hann henni þá að koma með stefnanda til sín í Laugarás.

Foreldrar stefnanda bjuggu nú um hana í bifreið sinni og var ekið með hana til læknisins sem bjó um sár hennar, en hún var síðan flutt á Landspítalann í Reykjavík. Á leiðinni þangað komu þau við að Syðri-Reykjum.

Þriðjudaginn 14. maí 1974 óskaði faðir stefnanda, Grétar Grímsson, eftir lögreglurannsókn vegna slyssins.

Skýrsla lögreglu liggur frammi á dskj. nr. 4. Þar er vettvangi lýst sem hér greinir: „Við norðurenda gróðurhúss, sem þarna er, var hola niður í heitt frárennsli frá húsinu, en búið var að láta hlera yfir og mun það hafa verið gert fljótlega eftir að slysið varð.“

Þann 22. júlí 1975 var tekin skýrsla hjá lögreglu af stefnda, Stefáni Árnasyni, og þann 14. júlí 1975 tók lögreglumaður ljósmyndir af vettvangi sem liggja frammi á dskj. nr. 2.

Af hálfu stefnanda hefur verið lagt fram örorkumat Jónasar Hallgrímssonar læknis frá 26. apríl 1984 á dskj. nr. 6 svohljóðandi:

„Ingibjörg slasaðist 20. mars 1974, er hún stakk vinstri fæti í frárennsli frá heitri laug og brenndist illa á öllum fæti, fótlegg og upp fyrir hnéð. Hún var flutt á Barnadeild Landspítalans samdægurs og liggur vottorð Árna Björnssonar yfirlæknis dags. 21. október 1975 og hljóðar það svo:

„Ingibjörg Ragnheiður Grétarsdóttir, f. 17. des. 1964, til heimilis að Syðri-Reykjum, Biskupstungum var lögð inn á Barnadeild Landspítalans hinn 20. mars 1974, en hún hafði þann sama dag, að sögn, stungið vinstra fæti niður í frárennsli frá heitri laug, og brennt sig upp fyrir hné. Brunasár þessi reyndust vera það djúp að gera þurfti endurtekna húðflutninga og lá telpan á Barnadeildinni allt til 10. júlí 1974.

Sem afleiðing af brunanum mynduðust allþykk ör í hnésbótinni og aftan á kálfanum, en jafnframt var húðin á hælum mjög þunn og fast vaxin við beinið á litlum bletti. Þar mynduðust sár öðru hverju og sömuleiðis í örþykknin í hnésbótinni. Telpan var lögð inn að nýju út af örunum 7. sept. 1975 og gerð á henni aðgerð og útskrifaðist hún aftur hinn 20. sept. 1975. Í þessari legu var gerð aðgerð á örinu á hælum og sömu leiðis á örunum í hnésbótinni en þar fyrir utan hefur telpan áberandi ör aftan á kálfanum og húðin á öllum ganglimnum frá hné og niðurúr er óeðlileg að

lit og gerð. Þá eru litarbreytingar í húðinni á báðum lærum, en þar þurfti að taka húð til flutnings á brunasárin.

Niðurstaða:

Um er að ræða afleiðingar af bruna á vinstra ganglim, en þær eru ör á ganglimnum frá hnésbót og niður úr og eru sum af þessum örum þykk; þá er húðin á hælum enn þunn og viðkvæm. Um er að ræða varanleg útlitslýti en auk þess gætu þessi ör orðið til þess að hindra hreyfanleika telpunnar, en um þá hlið málsins er ekki hægt að segja neitt meira að svo stöddu.““

Annað vottorð Árna Björnssonar er dags. 9. apríl 1984 og hljóðar það svo:

„Um fyrri gang sjúkdóms þessa vísast til vottorðs útgefins 21. október 1975.

Hinn 31-08-1976 var stúlkan lögð inn á lýtalækningadeild Landspítalans og lá þar til 17-09-1976. Í þeirri legu var gerð aðgerð á örunum við hælinn og ennfremur á örunum við hnéd. Enn var hún lögð inn á lýtalækningadeild Landspítalans hinn 18-02-1983 og lá þá til 05-03-1983. Þá var gerð aðgerð á hælum, sem fólgin var í húðflutningi á svæðið á hælum þar sem örið var þykkast.

Það sem háir sjúklingi fyrst og fremst er það að örunum hættir við að springa og myndast í þeim sár, sérstaklega á þetta við um örið á hælum en þar er, eins og ávallt er um slík ör, óeðlileg siggmyndun á mótum eðlilegrar húðar og örvefs.

Búast má við að þessi vandamál verði, að minnsta kosti að einhverju leyti, varanleg framvegis.

Í annan stað eru örin á fætinum mikið útlitslýti fyrir unga stúlku og sama má raunar segja um örin þar sem húð var tekin til að loka brunasárunum upphaflega.

Lýtum þessum verður ekki breytt með frekari aðgerðum og eru þau því varanleg.

Niðurstaða:

Um er að ræða nokkra starfstruflun út af örum á vinstra ganglim og varanleg útlitslýti á ungri stúlku.“

„Ingibjörg kom til undirritaðs þ. 25.4.1984.

Hún kvaðst stöðugt finna fyrir brunaðrunum. Hún fær verki í v. hnésbót og v. hæl við áreynslu og hnéd og ökklinn stíðna við setur og annað hreyfingarleysi, og minnkar þá hreyfiferill þessara liða, en eftir hvíld er hann eðlilegur. Hún þolir ekki að hlaupa. Sundlaugar með klóri þolir hún ekki vegna mikils kláða sem kemur í örin, og verður hún þá alveg viðþolslaus og klórar sig til blóðs. Ingibjörg þolir ekki aðra skó en klossa sem eru opnir að aftan eða strigaskó með mjúkum hæl. Örin verða blárauð í kulda. Hún telur nokkra kraftminnkun vera í v. ganglim.

Ingibjörg lauk skólaskyldu árið 1980. Hún hefur reynt að vinna tvisvar síðan, annað sinnið í sláturhúsi og hitt við síldarvinnslu, 4-6 vikur, en þoldi það ekki vegna óþæginda frá liðunum og vegna sármyndunar á hælnum. Sár þessi koma oft og eru nokkurn tíma að gróa.

Annað hefur hún ekki unnið og telur erfitt að finna starf við sitt hæfi, enda hefur hún enga menntun umfram skyldunám.

Við skoðun sést að v. fótleggur er sem næst alþakinn örum frá því um efri brún hnés og niður á rist. Mest eru ör in í hnésbótinni og aftan á hæl og eru í þeim þykkir strimlar. Aftan á hælnum er skálarlaga dæld með þykkum örvefsgarði umhverfis og er dældin rúmlega 3 cm í þvermál. Húðin í botninum er þunn og föst við hælbeinið. Ekkert sár er á svæðinu þegar þessi skoðun fer fram.

Vægur þroti er í fótleggnum öllum og hann virðist aðeins gildari en sá hægri, sérstaklega um ökkla. Þannig hverfur vinstri innri ökkla hnútan að mestu.

Full hreyfing er í v. hné og ökkla. Þunnhvít ör eru á báðum lærum eftir húðflutninga.

Niðurstaða.

Ingibjörg hefur hlotið tímabundna og varanlega örorku vegna brunans. Auk þess hefur hún mikil útlitslýti, sem eru sérstaklega þungbær, þar sem hún er kona og getur varla vænst þess að ganga öðru vísi en síðklædd framvegis.

Örorkan byggist fyrst og fremst á örunum, áhrifum þeirra á hnélið og ökkalið, og hinum tíðu sárum, sem hún fær á hælinn, þrátt fyrir að hún notar aðeins sérstakar tegundir af skóm. Allt þetta er varanlegt og kemur til með að hafa mikil áhrif á starfsval hennar og þar með tekjumöguleika auk félagslegrar þvingunar og takmarkana. Vegna hinnar miklu örmyndunar eru útlitslýti hér reiknuð inn í örorkuna, en miski og þjáningar ekki.

Örorka Ingibjargar vegna slyssins og afleiðinga þess er sem hér segir:

Frá slysinu í 30 mánuði	100%
Síðan varanleg örorka	35%“

Þórir Bergsson tryggingastærðfræðingur reiknaði út verðmæti vinnutekjutaps stefnanda og segir svo í greinargerð hans dags. 1. maí 1984, á dskj. nr. 7:

„Verðmæti vinnutekjutaps.

Ég hef reiknað út verðmæti vinnutekjutaps á slysdegi með fjórum mismunandi forsendum um vexti eftir 1. maí 1984, en frá þeim degi aftur til slysdags nota ég vexti af almennum spariinnlánum á tvo mismunandi vegu. Í fyrsta lagi með vöxtum og vaxtavöxtum eins og venja er við ávöxtun fjár (Aðferð I) og hinsvegar með einföldum vöxtum, sem virðast vera venja við uppgjör skaðabótamála hérlandis (Aðferð II).

Verðmæti taps á slysdagi í heilum krónum er sýnt hér á eftir:

Aðferð I. Notaðir eru vextir og vaxtavextir milli slysdags og 1. maí 1984.

Ársvextir eftir 1. - 5. 1984	5%	7%	9%	13%
v/örorku til 1. - 5. 1984	44.280	44.280	44.280	44.280
v/ — eftir það	320.428	245.167	197.179	140.956
Samtals kr.	364.708	289.447	241.459	185.236

Aðferð II. Notaðir eru einfaldir vextir yfir umrætt tímabil.

Ársvextir eftir 1. - 5. 1984	5%	7%	9%	13%
v/örorku til 1. 5. 1984	66.891	66.891	66.891	66.891
v/ — eftir það	700.664	536.095	431.161	308.221
	767.555	602.986	498.052	375.112

Tryggingastærðfræðingurinn reiknaði síðan verðmæti vinnutekjutaps stefnanda út að nýju og í greinargerð hans frá 6. apríl 1986 á dskj. nr. 15 segir svo m.a.:

„Örorkutjón þetta reiknaði ég út með útreikningum dags. 1. maí 1984. Þeir útreikningar eru nú algjörlega úreltir af mörgum ástæðum.

Laun hafa hækkað mjög í krónutölu, vextir hafa breytst, kominn er úrskurður Hæstaréttar (frá 10. júlí 1984) um notkun 6% ársvaxta við afvöxtun framtíðartaps, sem litið er á sem ákvarðandi eins og er, og nýjar rannsóknir á dánarlíkum íslensku þjóðarinnar eru nú fyrir hendi.

Nýjar rannsóknir á vinnutekjuöflun gefa nú til muna traustari grundvöll til áætlana vinnutekna ungra stúlkna.

Verðmæti vinnutekjutaps á slysdagi.

Vaxatskil verða gerð við 1. apríl 1985 þannig að áætlað tap eftir þann tíma verður afvaxtað með 6% ársvöxtum til þess dags. Síðan verður allt áætlað tap afvaxtað til slysdags með svokölluðum heildarvöxtum á almennum spariðnlánum Landsbanka Íslands sem innihalda verðbótaþátt. Einnig eru notaðir einfaldir vextir fyrir 1. apríl 1986 og aftur til slysdags.

Verðmæti áætlaðs taps á slysdagi reiknast nema:

Vegna örorku til 1. 4. 1986	kr. 109.446,00
“ “ eftir það	kr. 590.050,00
	kr. 699.496,00

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi:

Stefnandi byggir á því, að skv. saknæmisreglunni beri stefndi ábyrgð á tjóni hennar. Hann hafi vanrækt að koma fyrir umbúnaði til þess að varna

slysi. Stefnandi hafi hlotið bæði tímabundið og varanlegt líkamstjón vegna slyssins, bæði fjártjón og miska.

Ennfremur telur stefnandi að stefndi beri skaðabótaábyrgð, þar sem hann sé eigandi og umráðamaður gróðurhússins.

Þá heldur stefnandi því fram að ekki sé ástæða til að fallast á fyrningu vaxta á tjón hennar þar sem ekki hafi verið unnt að meta örorku hennar fyrir en löngu eftir slysið sem megi sjá af því að hún hafi verið undir lækni- hendi allt fram til ársins 1983.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar sem hér segir:

„Örorkubætur:

Samkvæmt útreikningi trygginga-

stærðfræðings kr. 699.496,00

Vextir frá slysdegi til

20. mars 1980 kr. 677.461,00 kr. 1.376.957,00

Miskabætur:

kr. 400.000,00

kr. 1.776.957,00

Mismunur á stefnufjárhæð og kröfugerð er sú fjárhæð sem fallist er á að kröfugerðin lækki um vegna hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsis bóta- greiðslu.“

Stefndi:

Stefndi krefst sýknu vegna þess að stefnandi beri sök á slysinu sjálf. Hún hafi farið um svæði sem henni var óheimil för um. Hún hafi farið inn í hús stefnda sem þó hafi verið lokað.

Þá telur hann að ef talið væri að stefndi beri ábyrgð skv. almennu skaða- bótareglunni beri að taka með í reikninginn eigin sök stefnanda og að stefnda beri aðeins að bæta það tjón sem telja megi sennilega afleiðingu slyssins.

Stefnandi hafi verið á yfirráðasvæði stefnda án heimildar og það hafi verið gáleysi að sjá ekki vatnið og gæta vel að sér. Henni hefði mátt vera kunnugt um að heitt vatn sé rennandi út um allt á þessu svæði.

Þá sé eigin sök einnig fólgin í því að ekki hafi verið gerðar nægjanlegar ráðstafanir til að kæla brunann eftir óhappið.

Þá bendir stefndi á að í örorkumati Jónasar Hallgrímssonar lækni á dskj. nr. 6 komi fram að útlitslýti séu reiknuð beint inn í örorkuna og miðist útreikningur tjóns síðan við það.

Við munnlegan flutning málsins lýsti umboðsmaður stefnda því að hann krefðist þess ekki að málið færi til umsagnar Læknaráðs.

Þá mótmælir stefndi því að stefnandi sé lakari til vinnu vegna slyssins en ella og því sé það ósannað að örorka hennar valdi nokkru tekjutapi.

Stefndi mótmælir kröfugerð um að vextir reiknist frá tjónsdegi og vitnar í því sambandi til 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905. Hann heldur því fram að vextir eldri en 4 ára miðað við birtingardag stefndu séu fyrndir.

Þá mótmælir stefndi því að miskabótakrafa sé hækkuð úr 300.000,00 í greinargerð í 400.000,00 kr. við munnlegan flutning málsins og enn fremur mótmælir hann henni sem allt of hárrí, ekki síst vegna þess að miskabótabátturinn sé að mestu eða öllu leyti inni í örorkumatinu.

Þá krefst stefndi þess að lækka beri hugsanlegar bótafjárhæðir vegna þess hagræðis sem felist í eingreiðslu og vegna skattfrelsis bóta.

Forsendur og niðurstaða.

Stefndi hefur sjálfur lýst því í aðilaskýrslu sinni hér fyrir dómi að þró sú sem stefnandi steig ofan í hafi verið u.þ.b. 3 x 1,5 metrar og u.þ.b. 1,5 metrar á dýpt. Er slysið varð hafi verið bitar og járnplata yfir þrónni og op á plötunni en ekkert yfir því opi, en jurtaþottar í stöflum beggja vegna við opið. Ekkert heitt vatn hafi getað verið utan við þróna. Aðiljar eru sammála um að stefnandi hafi stigið niður um umrætt op og brennst við það á fæti.

Eins og sjá má af ljósmyndum á dskj. nr. 2 og sjá mátti við skoðun á vettvangi var efri brún þróarinnar í gólfhæð og því hætta á því að einhver sem færi þarna um stigi niður í heitt vatnið. Ekki virðist nægjanlega hafa verið aðhafst til þess að byrgja opið eða hindra umferð að því og ber stefndi halla af sönnunarskorti í þessum efnum með því að hann gerði ekki ráðstafanir til að láta rannsaka slys þetta.

Er það álit dómsins að stefndi beri ábyrgð á slysinu vegna vanbúnaðar á slysstað.

Þegar slys þetta varð var stefnandi á tíunda aldursári. Hún hafði verið að leik ásamt barnabarni stefnda á og við heimili hans og þegar tekið er tillit til aldurs hennar og þess að svo virðist sem hún hafi átt auðvelt með að komast inn í gróðurhúsið sem var hrunið a.m.k. að einhverju leyti þykir ekki verða lögð á hana sök vegna slyssins.

Um þá málsástæðu stefnda að röng aðferð við kælingu og umönnun stefnanda eftir slysið sé eigin sök stefnanda er það að segja að stefnandi átti ekkert val né heldur hafði hún vald á því hvaða meðferð hún sætti og enda þótt eitthvað kynni að hafa farið úrskaiðis í þessum efnum verður það ekki metið henni til sakar, og er þessari málsástæðu stefnda því hafnað.

Við ákvörðun bóta til stefnanda fyrir tímabundna og varanlega örorku þykir mega leggja mat Jónasar Hallgrímssonar lækis og útreikninga Þóris Bergssonar tryggingastærðfræðings á dskj. nr. 15 á fjárhæð tjónsins til

grundvallar. Þegar tekið er tillit til hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsi bóta þykja þær hæfilega ákvarðaðar kr. 560.000,00.

Þá ber að taka kröfu stefnanda um miskabætur til greina og þykja þær hæfilega ákvarðaðar kr. 40.000,00.

Fallist er á það með stefnda að áfallnir vextir þar til fjórum árum fyrir stefnubirtingardag séu fyrndir, sbr. 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905. Verða vextir því einungis dæmdir frá þeim tíma.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða kr. 118.170,00 í málskostnað er renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarlaun, þ. á m. þóknun til skipaðs talsmanns stefnanda Hafsteins Hafsteinssonar hrl., kr. 95.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Allan V. Magnússon héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Stefán Árnason, greiði stefnanda, Ingibjörgu Ragnheiði Grétarsdóttur, kr. 600.000,00 með 31% ársvöxtum frá 10.03.1980 til 01.07. s.á., 35% ársvöxtum frá þeim degi til 01.06.1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 01.11.1982, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 20.10.1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 20.11. s.á., 27% ársvöxtum til 20.12. s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 20.01.1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 10.03.1984 en með dómvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags.

Stefndi greiði kr. 118.170,00 í málskostnað er renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, Hafsteins Hafsteinssonar hrl., kr. 95.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.